

Athugasemdir :

52

Hinn 31. marz 1889 átti bankinn :

1. Skuldabryf fyrir lánum :		
a. Fasteignarveðsskuldabryf	611170,84	
a. Sjálfskuldarábyrgðarskuldabryf	26538,08	
c. Handveðsskuldabryf	17885,00	
d. Skuldabryf gegn ábyrgð bæja- og sveitarfjelaga	9977,00	665570,92
2. Önnur skuldabryf :		
a. Konungleg ríkisskuldabryf	101200,00	
b. Skuldabryf Reykjavíkurkaupstaðar	1600,00	102800,00
3. Víxlar		16025,00
4. Ávísanir		1676,65
5. Fasteignir lagðar bankanum út fyrir lánum að upphæð		3900,00
6. Í sjóði 31. marz		134527,92
	Samtals	924500,49
Landsbankinn hefur fengið í seðlum frá landssjóði til 31. marz 1889		430000,00
Eign varasjóðs bankans 31. desbr. 1888		45289,81
Varasjóður sparisjóðs Reykjavíkur s. d.		26231,13
Ýmsar tekjur, sem enn eru eigi orðnar eign varasjóðs bankans	19921,37	
Að frá dregnum ýmisl. kostnaði 1. jan. — 31. marz 1889	1620,29	18301,08
Sparisjóðsinnlög innistandandi í bankanum 31. marz		
1889		404678,47
	Samtals	924500,49

Stjórn landsbankans, Reykjavík 10. apríl 1889.

L. E. Sveinbjörnsson. Jón Pjetursson. Eiríkur Briem.

Auglýsing

53

um útborgun á „bonus“ (= uppbót) til hluthafenda í líffjár- og framfærslustofnuninni í Kaupmannahöfn frá 1871.

Það auglýsist hjer með embættismönnum þeim, er skyldir eru að lögum að tryggja konum sínum líffje eptir sinn dag í líffjár- og framfærslustofnuninni í Kaupmannahöfn frá 1871, að amtmönnunum hefur verið send til útbýtingar meðal þeirra auglýsing frá nefndri stofnun um reglur fyrir útborgun á bonus (uppbót) til hlutafenda í stofnuninni, og geta þeir, ef þeir æskja frekari upplýsinga en í auglýsingunni er að

53 fá, snúið sjer því viðvíkjandi til umboðsmanns stofnunarinnar í Reykjavík, hjeraðslæknis, dr. med. J. Jónassen, sem einnig getur, svo gilt sje, tekið á móti tilkynningum þeim, sem lögin heimta í vissum tilfellum, sbr. atriðið d í auglýsingunni.

Reykjavík, 30. apríl 1889.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Jensson.

EMBÆTTASKIPUN OG LAUSN FRÁ EMBÆTTI.

16. apríl var biskupi yfir Íslandi, dr. theol. Pjetri Pjeturssyni komm. af dbr. og dbrm. af hans hátign konunginum vetit lausn í náð frá tjeðu embætti með eptirlaunum frá 25. maí næstkomandi að telja.

S. d. var dómkirkjuprestur í Reykjavík sjera Hallgrímur Sveinsson r. af dbr. af hans hátign konunginum skipaður biskup yfir Íslandi frá 25. maí þ. á. að telja.

S. d. var forstjóra hins kgl. isl. landsyfirrjettar Jóni Pjeturssyni r. af dbr. veitt af hans hátign konunginum lausn í náð frá embætti þessu með fullum launum í eptirlaun frá 1. maí þ. á. að telja.

S. d. var 1. meðdómandi í landsyfirrjettinum L árus E. Sveinbjörnsson skipaður af konungi forstjóri tjeðs rjettar, og 2. meðdómandi og dómsmálaritari í yfirrjettinum Kristján Jónsson skipaður 1. meðdómandi í sama rjetti, hvorttveggja frá 1. maí þ. á. að telja.

30. apríl setti landshöfðingi landritara Jón Jensson til þess frá 1. maí þ. á. að telja, að gegna fyrst um sinn, auk sins eigin embættis, embættinu sem 2. meðdómandi og dómsmálaritari í landsyfirrjettinum.

HEIÐURSMERKI.

16. apríl þóknadist hans hátign konunginum að sæma dr. theol. biskup Pjetur Pjetursson komm. af dbr. og dbrm. stórkrossi dannebrogsoðunnar, og justitarius Jón Pjetursson r. af dbr. heiðursmerki dannebrogsmanna.

ÓVEITT EMBÆTTI.

er ráðgjafinn fyrir Ísland hlutast til um veitingu á.

Embættið, sem 2. meðdómandi og dómsmálaritari í hinum kgl. isl. landsyfirrdómi. Launin eru 4000 kr. um árið.

Sæki aðrir en Íslendingar um embætti þetta, eiga þeir samkvæmt konungsbrjefi 8. apríl 1844 og konungsúrskurðum 27. maí 1857 og 8. febr. 1863 að láta bónarbrjefum sínum fylgja tillýðilegt vottorð um, að þeir kunnir Íslenzku.

Auglýst 17. apríl 1889.

Bónarbrjefin eiga að vera komin til ráðgjafans 6. júlí 1889.